

Miðvikudaginn 24. maí 1995.

Nr. 72/1995.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

X

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kynferðisbrot. Börn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var skotið til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 28. febrúar 1995. Óskar ákærði endurskoðunar hins áfrýjaða dóms í þeim atriðum, sem um ræðir í a-, b- og c-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Krefst hann aðallega sýknu í málinu, en til vara þess, að refsing verði milduð og skilorðsbundin. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar á dóminum.

Málinu var ekki áfrýjað um skaðabætur úr hendi ákærða, og er niðurstaða um þær ekki til endurskoðunar hér fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 173. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði skal greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, X, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Sannað er í málinu, að ákærði hafi gerst sekur um atferli af því tagi, sem lýst er í ákæruskjali, á því tímabili, er þar greinir. Í forsendum að niðurstöðu hins áfrýjaða dóms er framkoma ákærða hins vegar máluð dekkri litum en frásagnir telpunnar og annarra vandananna hennar veita efni til. Heimfærsla dómenda á atferlinu til refsíákvæðis er þó rétt, en refsíákvörðun röng, og ber að taka hana upp á grundvelli 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994. Skylt er meðal annars að taka tillit til þess, að ákærði hafði breytt framkomu sinni til betri vegar á því tímabili, er ákæra nær til, og látið af allri áreitni, alllöngu áður en kærán í málinu kom fram. Með hliðsjón af þessu og högum ákærða ásamt því, að hann hefur ekki áður orðið brotlegur við almenn hegningarlög, er refsing hans hæfilega tiltekin fangelsi 6 mánuði, en rétt er að fresta þeim hluta hennar, sem er umfram 2 mánuði, og falli hann niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms í Hæstarétti, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Um annað er ég sammála öðrum dómendum.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. desember 1994.

I.

Ákæra og kröfur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. nóvember sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. maí sl., á hendur X, [...], Vestmannaeyjum, „fyrir kynferðisbrot með því að hafa frá því í nóvember 1992 og til ágúst 1993 á heimili sínu og þáverandi sambýliskonu sinnar [...], Garðabæ, og um borð í [...] á leið til Þýskalands margoft leitað á telpuna A, fædda [...], dóttur sambýliskonu sinnar, og áreitt hana kynferðislega með því að strjúka kynfæri hennar og brjóst.

Telst þetta varða við 2. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 9. gr. laga nr. 40/1992 og 63. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

B gerir þá kröfu í málinu fyrir hönd ofanefndrar dóttur sinnar, að ákærði verði dæmdur til að greiða henni 500.000 kr. í miskabætur“.

— — —

Niðurstaða.

Vitnið A hefur borið fyrir dómi, að ákærði hafi oft komið upp í til sín eða sest á rúmstokkinn hjá sér á kvöldin og á morgnana. Hann hafi oft farið inn undir fötin, sem hún hafi verið í, og þá káfað á sér allri. Þá hafi hann í siglingu til Þýskalands látið sig sofa í rúmi hjá sér og þuklað á sér, þar af einu sinni farið með hendurnar á kynfæri hennar ber. Eftir að þau komu heim, hafi hann stundum á kvöldin káfað á henni á sama hátt. Þá hafi hann einnig sætt lagi að koma við brjóstin á henni, þegar þau voru í áflogum.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa stungið hendinni undir sængina hjá A og komið við brjóstin á henni. Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa klípið í brjóstin á henni til að fá hana til að hætta áflogum og einu sinni í „þjásuna“ á henni, eins og hann orðaði það. Ákærði hefur aftur á móti neitað að hafa farið með höndina í klofið á stúlkunni í siglingunni til Þýskalands eða eftir það. Þá hefur ákærði skýrt framkomu sína gagnvart stúlkunni með því, að hún hafi sóst mikið eftir að fljúgast á við hann og kúra sig upp að honum og snertingar hans hafi ýmist verið hrekkir við hana til að fá hana til að koma sér á fætur, hætta að fljúgast á við hann eða föðurleg hlýja. Ákærði hefur þverneitað, að snertingarnar hafi verið af kynferðislegum toga, hann neitar að hafa spurt stúlkuna, hvort hún hefði séð typpi, og kannast ekki við að hafa sagt, að móðir hennar gæti orðið veikari, ef hún segði frá.

Móður A barst til eyrna í árslok 1992, að A hefði sagt frá því, að ákærði hefði haft í frammi kynferðislega áreitni gagnvart sér. A þrætti staðfastlega fyrir að hafa sagt þetta, og Helga Hannesdóttir geðlæknir komst að þeirri niðurstöðu á grundvelli viðtala við stúlkuna, læknisrannsóknar og sálfræðiprófa, að hún sæi engin merki þess, að stúlkan hefði verið kynferðislega misnotuð af hálfu „stjúpa“ eða orðið fyrir kynferðislegri áreitni af hans hendi.

Fyrir dómi hefur stúlkan greint frá því, að hún hafi neitað sökum þess, að ákærði hafi hrætt sig með því, að móðir hennar gæti orðið veikari, ef hún segði frá. Hún hafi ekki þorað eða viljað segja frá, þar sem ákærði hafi alltaf verið góður við móður hennar og bróður og sér hafi fundist, að hún væri að bregðast þeim, ef hún segði frá. Því hafi hún gætt þess að hegða sér eðlilega gagnvart ákærða, þegar aðrir sáu til.

Með vísan til framburðar vitnanna Helgu Hannesdóttur geðlæknis og Sólveigar Halldóru Ásgrímsdóttur sálfræðings og í ljósi heilsufars móður stúlkunnar og ástandsins á heimilinu verða skýringar A á því, hvers vegna hún neitaði því þá, að ákærði hefði áreitt hana kynferðislega, að teljast trúverðugar.

Framangreindur framburður A fyrir dómi er skýr og trúverðugur og í samræmi við vætti C og D, er greint hafa frá því, sem A sagði þeim um háttsemi ákærða gagnvart henni. Þá þykir framburður A vera styrktur af vætti Sigfúsar Johnsen og Laufeyjar Ólafíu Gísladóttur, að ákærði hafi 15. janúar sl. viðurkennt að hafa áreitt stúlkuna kynferðislega. Enn fremur ber framburður vitnisins B Þ um samtal hans við ákærða á heimili þeirra B að sama brunni. Í framburði ákærða sjálfs og vætti A, B og J kemur fram, að stúlkan hafi mikið leitað til ákærða, sótt í að sitja í fangi hans og fljúgast á við hann og að samband þeirra hafi þannig verið mjög náið. Framburður vitna um viðbrögð ákærða, þegar borið var á hann að hafa áreitt stúlkuna kynferðislega, benda sterklega til þess, að ákærði hafi á þeim tíma talið framkomu sína við A óviðeigandi og af kynferðislegum toga. Þegar litid er til þessa framburðar og jafnframt til þess, hvar og hvernig ákærði snerti stúlkuna, og vættis hennar um það, hvernig hún brást við þessum snertingum, verður að hafna þeim framburði ákærða, að framkoma hans gagnvart stúlkunni hafi eingöngu verið sprottin af hlýju, föðurlegri umhyggju eða glettni.

Með vísan til alls framangreinds telst sannað, að ákærði hafi á því tímabili, sem ákæran tekur til, margsinnis snert kynfæri og brjóst A með þeim hætti, að ótvírætt telst vera um kynferðislega áreitni að ræða.

Háttsemi ákærða varðar við 2. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 9. gr. laga nr. 40/1992, en þetta refsíákvæði tæmir sök gagnvart 63. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna.

IV.

Um bótakröfur.

Vitnið A ber, að hún hafi verið hrædd og allt verið í „ruglingi“. Hún sé ákærða reið, en líði nú mun betur. Framburður vitnanna C og D gefur ótvírætt til kynna þjáningar stúlkunnar af völdum ákærða á því tímabili, sem ákæran tekur til. Þá þykir mega ráða af framburði Sólveigar Halldóru Ásgrímsdóttur sálfræðings, sem átt hefur viðtöl við stúlkuna, að háttsemi ákærða gagnvart henni geti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar á sálarlíf hennar og samskipti hennar við fólk í framtíðinni.

Með hliðsjón af framburði framangreindra vitna er það mat dómsins, að brot ákærða gagnvart A hafi valdið henni miska. Samkvæmt heimild í 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sem leysti 264. gr. af hólmi 1. júlí 1993, ber ákærða að greiða A miskabætur, sem þykja hæfilega ákveðnar 300.000 kr. Vaxta hefur ekki verið krafist af bótafjárhæð.

Viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt neinum þeim refsingum, sem hér geta skipt máli.

Við ákvörðun refsingar ber að taka tillit til þess, að ákærði notfærði sér með framangreindum hætti bágar heimilisaðstæður stúlkunnar, ábyrgðarkennd hennar gagnvart móður sinni og bróður, yfirburði sína gagnvart henni og það traust, sem hún bar til hans. Brást hann þannig algerlega þeim trúnaði, sem honum var sýndur, með því að honum var falin þátttaka í uppeldi stúlkunnar.

Með vísan til alls þessa, sem að framan er rakið, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 120.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Steingríms Þormóðssonar hdl., 120.000 krónur.

Af hálfu ákæruvalds annaðist Björn Helgason saksóknari sókn málsins.

Dóm þennan kveður upp Sigurður T. Magnússon, settur héraðsdómari, sem dómsformaður og héraðsdómararnir Pétur Guðgeirsson og Helgi I. Jónsson.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti 8 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði A 300.000 krónur.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 120.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Steingríms Þormóðssonar hdl., 120.000 krónur.
